

**Hafrannsóknastofnunin og SFR, Stéttarfélag í almannajónustu, gera með sér eftirfarandi samkomulag sem er hluti af kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, frá 9. mars 2005. Samkomulag þetta kemur í stað fyrra samkomulags frá 19. mars 2007 og tekur gildi 1. janúar 2008.**

## **1. Gildissvið**

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Hafrannsóknastofnuninni.

## **2. Markmið**

Aðilar sammingsins eru sammála um markmið hans er að styrkja starfsemi stofnunarinnar þegar til lengri tíma er litið og skapa forsendur fyrir betri starfsskilyrði starfsmanna.

## **3. Grunnröðun**

Við röðun starfa í samræmi við ákvæði samkomulags þessa skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Raða skal í launaflokk í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna samkvæmt hlutlægum mælikvörðum ef unnt er. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem ráðast af hæfni þeirra einstaklinga sem gegna starfinu hverju sinni.

Akvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

## **4. Starfsheiti**

### **Skrifstofumaður 1 ; Launaflokkur 12**

Almenn skrifstofustörf sem að jafnaði eru unnin undir stjórn annarra. Sumarstarfsfólk.

### **Rannsóknamaður 1 ; Launaflokkur 12**

Rannsóknamaður án starfsreynslu sem annast almenna gagnasöfnun eða úrvinnslu sýna undir stjórn sérfræðings. Eftir 9 mánaða starfsreynslu raðist starfsmaður í Rannsóknamaður 2. Námsmaður við störf í námsgrein sinni að loknu námsefni 1 vetrar háskólanáms.

### **Rannsóknamaður 2 ; Launaflokkur 14**

Rannsóknamaður sem annast almenna gagnasöfnun eða almenna úrvinnslu sýna undir stjórn sérfræðings. Námsmaður við störf í námsgrein sinni að loknu námsefni 2 vetra háskólanáms. Að loknu 2 ára samfelldu starfi hjá stofnuninni raðist starfsmaður í Rannsóknamaður 3.

### **Skrifstofumaður 2 ; Launaflokkur 14**

Skrifstofumaður sem vinnur sjálfstætt að ákveðnum verkefnum undir stjórn annarra.

### **Rannsóknamaður 3 ; Launaflokkur 16**

Rannsóknamaður sem annast gagnasöfnun og úrvinnslu sýna sem krefst sérþekkingar, eða rannsóknamaður sem vinnur við úrvinnslu gagna undir stjórn sérfræðings. Námsmaður við störf í námsgrein sinni að loknu námsefni 3 vetra háskólanáms.

### **Skrifstofumaður 3 ; Launaflokkur 16**

Skrifstofumaður sem vinnur sjálfstætt og hefur umsjón verkefna er krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnu sviði stofnunarinnar. Ritarar.

### **Rannsóknamaður 4 ; Launaflokkur 17**

Rannsóknamaður sem annast gagnasöfnun og úrvinnslu sýna sem krefst sérþekkingar, eða rannsóknamaður sem hefur umsjón með afmörkuðum verkþáttum.

### **Skrifstofumaður 4 ; Launaflokkur 18**

Skrifstofumaður sem vinnur sjálfstætt og hefur umsjón með umfangsmiklum verkefnum sem krefjast mikillar þekkingar á ákveðnu sviði stofnunarinnar.

### **Rannsóknamaður 5 ; Launaflokkur 20**

Rannsóknamaður sem skipuleggur og annast sjálfstætt gagnasöfnun og úrvinnslu sýna vegna umfangsmikilla verkefna, eða hefur umsjón með afmörkuðum verkþáttum slíkra verkefna. Eftirlitsmaður skipa.

## **Deildarstjóri 1 ; Launaflokkur 22**

Starfið felst fyrst og fremst í að skipuleggja, stjórna og samhæfa starfsemi einnar deildar.

## **Deildarstjóri 2 ; Launaflokkur 24**

Starfið felst fyrst og fremst í að skipuleggja, stjórna og samhæfa starfsemi einnar eða fleiri deilda, umsjón verkefna og málaflokka. Með umsjón er m.a. átt við skipulagningu, samhæfingu stjórnun á áætlanagerð og kostnaðareftirliti. Einkaritari forstjóra.

## **Deildarstjóri 3 ; Launaflokkur 27**

Starfið felst fyrst og fremst í að skipuleggja, stjórna og samhæfa starfsemi umfangsmikillar deildar eða verkefnis. Gagnastjóri.

### **5. Menntun**

Starfsmaður sem sækir fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skv. Heimild stofnunar, eða í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar, skal halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað ( skv. Ákvæðum 5.kafla kjarasamnings dags. 25. Mars 2001 ).

Starfsmaður skal að loknum framangreindum námskeiðum hækka í launum sem hér segir:

1. starfsmaður skal, þegar 120 klukkustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
2. starfsmaður skal, þegar 200 klukkustundum er náð, hækka um 1 launaflokk

Starfsmenntun/námskeið,sem starfsmaður hefur aflað sér sl. 3 ár, skal metin á ofangreindan hátt.

3. starfsmaður skal, þegar 300 klukkustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.  
Liður 3 tók gildi 1. september 2006 og á við viðbótarmenntun sem aflað er eftir þann tíma.

### **6. Eiturefni**

Vinni starfsmaður að staðaldri(þ.e. ekki sjaldnar en vikulega) með heilsuspillandi efni sem getið er um í neðantöldum ritum :

1. Reglugerð nr.236/1990 ( með síðari breytingum) um eiturefni og hættuleg efni.
2. Registry of toxic effects og chemical substances (RTECS) eða eru smitefni, skal hann raðast einum launaflokki ofar en ella.

Þar sem erfitt hefur reynst að halda utan um það hverjir og hve oft starfsmenn vinna með eiturefni mun stofnunin greiða öllum starfsmönnum SFR þennan launaflokk til viðbótar grunnröðun.

### **7. Frammistöðumat**

Samningsaðilar eru sammála um að stefna að frammistöðu- og árangursmatskerfi hjá félagsmönnum SFR með sama/svipuðum hætti og er gagnvart FÍN, sbr.samkomulag frá 21. desember 2005.

**Reykjavík 23. nóvember 2007**

**f.h. Hafrannsóknastofnunarinnar**

**f.h. Stéttarfélags í  
almannabjónustu**

-----

-----

-----

-----

-----

-----